

**M-54/2017. Álit 29. desember 2017.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. desember 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-54/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 20. júlí 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á flísunum af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að flísarnar séu gallaðar og krefst riftunar.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 25. september 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust ekki. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi festi kaup á tveimur tegundum af flísunum af seljanda til að leggja á baðherbergisgólf í fasteign sinni. Flísarnar voru af gerðinni „STUDIO 03 SILV. RF. NAT 30x60“ að fjárhæð 241.432 krónur og „STUDIO 03 SILVER STRUTT 30x60“ að fjárhæð 68.305 krónur. Reikningarnir hafa verið að fullu greiddir og flísarnar afhentar til álitsbeiðanda.

Flísarnar voru pantaðar þann 24. janúar 2017 en í pöntuninni bað álitsbeiðandi um sömu flísar og hann hafði keypt áður af seljanda, af gerðinni Studio Silver, bæði „fínar flísar“ og „grófar flísar með línunum“. Í kjölfarið sendi seljandi tilboð til álitsbeiðanda en álitsbeiðandi kveðst í góðri trú hafa talið að STRUTT flísarnar væru grófu flísarnar með línunum sem álitsbeiðandi hafði keypt af seljanda fyrir 6-7 árum fyrir annað baðherbergi fasteignarinnar. Álitsbeiðandi segir að hluti flísanna sé hins vegar ekki í samræmi við pöntunina eða þær flísar sem keyptar voru á hitt baðherbergið í fasteign hans. Kveðst hann hafa tekið eftir því þegar hann fékk flísarnar afhentar.

Óskaði álitsbeiðandi eftir því að fá að skila pöntuninni en segir að seljandi hafi aðeins boðist til þess að taka rangan hluta pöntunarinnar til baka, þ.e. STRUTT flísarnar, sem kostuðu 68.305 krónur. Í tölvupósti frá seljanda, sem fylgdi álitsbeiðni, kemur fram að þær flísar sem álitsbeiðandi keypti áður í hitt baðherbergi fasteignarinnar séu ekki fáanlegar. Þá bauð seljandi álitsbeiðanda afslátt af kaupverðinu ef hann vildi halda grófu flísunum eða að hann gæti skilað grófu flísunum og pantað meira af fínu flísunum í staðinn.

Álitsbeiðandi byggir á því að flísarnar hafi átt að mynda eina heild samkvæmt útlitshönnun á baðherberginu og því kveðst álitsbeiðandi ekki hafa nein not fyrir hluta pöntunarinnar sem var lögð inn sem ein heild. Krefst álitsbeiðandi þess að kaupnum verði rift, að seljandi endurgreiði sér 308.498 krónur og sækji einnig flísarnar á heimili álitsbeiðanda.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi tvennskona flísar af seljanda fyrir baðherbergi fasteignar sinnar, en flísarnar áttu að vera þær sömu og álitsbeiðandi hafði áður keypt hjá seljanda. Eftir afhendingu kom í ljós að önnur tegund flísanna var ekki í samræmi við pöntun álitsbeiðanda og krafðist álitsbeiðandi þess í kjölfarið að fá að skila pöntuninni í heild. Seljandi samþykkti það ekki. Krefst álitsbeiðandi þess fyrir kærunefndinni að kaupunum verði rift, að seljandi endurgreiði sér kaupverðið og sæki flísarnar á heimili sitt.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 1. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innþökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Seljandi hefur ekki sent inn andsvör til kærunefndarinnar og verður að byggja á því sem fram kemur í álitsbeiðni um atvik málsins. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum milli starfsmanns seljanda og álitsbeiðanda þar sem fram kemur að um misskilning hafi verið að ræða er varðar pöntunina og starfsmaður seljanda hafi ekki tekið eftir því að álitsbeiðandi hafi beðið um flísarnar „með línunum“. Álitsbeiðandi óskaði í kjölfarið eftir nýrri afhendingu á hluta flísanna en samkvæmt síðari tölvupósti frá seljanda er ekki mögulegt að fá þá tegund af flísum.

Þar sem álitsbeiðandi fékk ekki þær flísar afhentar sem samið var um kaup á verður ekki annað séð en að hluti flísanna hafi verið haldinn galla við afhendingu samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl., sbr. 1. mgr. 15. gr. laganna. Samkvæmt 32. gr. nkpl. getur neytandi krafist riftunar á kaupum í stað afsláttar nema ef galli er óverulegur. Þar sem hluti flísanna er ekki í samræmi við samning aðila verður að líta svo á að um verulegan galla sé að ræða að riftun sé heimil.

Aðeins hluti flísanna er haldinn galla en álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupunum í heild. Samkvæmt 57. gr. nkpl. eiga reglur um galla einnig við ef vanefndir seljanda varða einungis hluta hins selda. Þá segir að neytandi geti rift kaupunum með öllu ef vanefndir eru verulegar á samningnum í heild sinni. Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt flísarnar með það í huga að koma á ákveðnu heildarútliti í baðherbergi fasteignar sinnar en eftir að kaupin fóru fram kom í ljós að hluti flísanna er ekki í samræmi við pöntunina og er ekki fánlegur. Með hliðsjón af öllum atvikum er fallist á að um verulegan galla sé að ræða sem heimil álitsbeiðanda að rifta kaupunum í heild sinni, sbr. 57. gr. nkpl. Álitsbeiðandi á rétt á endurgreiðslu fyrir flísarnar gegn því að hann afhendi seljanda flísarnar á þeim stað er hann tók við þeim.

## V

### Álitsorð

Álitsbeiðanda, X, er heimilt að rifta kaupum á flísunum í heild. Seljandi, Y, endurgreiði álitsbeiðanda kaupverðið við afhendingu flísanna.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson